

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Ásvalla, ípróttá- og útivistarsvæði Hauka, Ásvöllum 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. janúar 2010 breytingu á deiliskipulagi Ásvalla, ípróttá- og útivistarsvæði Hauka, Ásvöllum 1, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að ípróttamiðstöðin verður stækkuð, bætt verður við ípróttasal austan við núverandi sal og gerð tengibygging að yfirbyggðri stúku. Byggingarreitur verður 12.260 m² í stað 7.000 m².

Fjölnota knattspyrnuhús sem fyrirhugað var að byggja yfir gervigrasvöll verður flutt sunnan við völlinn og snúið þvert á hann. Byggingarreitur að grunnfleti 13.300 m². Gerður verður 1.330 m² byggingarreitur fyrir ípróttatengda þjónustu rétt við aðalaðkomu inn á svæðið.

Gert verður ráð fyrir að hægt verði að tengja núverandi ípróttamiðstöð við knatthús og byggingu fyrir ípróttatengda starfsemi með tengibyggingu ofan- eða neðanjarðar, hámarksgrunnflötur 350 m².

Gert verður ráð fyrir reit fyrir verslunar- og þjónustusvæði m.a. fyrir sjálfsafgreiðslubensínstöð.

Núverandi búningshús verður fjarlægð eða breytt í samræmi við nýja notkun síðar. Bætt verður inn byggingarreit fyrir pylsuvagn við innkeyrslu á austurhluta svæðisins.

Stúka sem áður var sýnd sunnan við núverandi gervigrasvöll verður stölluð grasbrekka. Byggingarreitur fyrir bráðabirgðastúku verður austan megin við núverandi grasvöll.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 15. apríl 2010,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.